

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2016, 8. júní, var haldinn 100. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Hermann Valsson (V), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Katla Hólm Þórhildardóttir (Þ); Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata með áorðnum breytingum:

Skóla og frístundaráð samþykkir að sameina Klébergsskóla og starfsstöð leikskólans Bakkabergs á Bergi. Stofnaður verði samrekin leikskóli og grunnskóli með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi. Skólinn verði fyrir börn á Kjalarnesi frá eins árs til 16 ára. Auglýsa skal eftir stjórnanda þessarar nýju stofnunar svo fljótt sem auðið er. Sviðsstjóra er falið að skipa starfshóp sem vinnur með skólastjóra og hefur það hlutverk að móta framtíðarsýn hinnar nýju stofnunar, gera tillögu að skipuriti sem tekur mið af sérstöðu stofnunarinnar, gera áætlun um ferli sameiningar og leiða upphaf sameiningar. Starfshópurinn verði skipaður skólastjóra, fulltrúum starfsmanna og foreldra á leikskólanum á Bergi og Klébergsskóla, fulltrúum starfsfólks frístundar og tónlistarkennara og fulltrúum skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfstími hópsins sé til 30. júní 2017.

Jafnframt lögð fram skýrslan *Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs á Kjalarnesi*, dags. í apríl 2016. Enn fremur lagðar fram umsagnir skólaráðs Klébergsskóla, foreldrafélags Klébergsskóla, hverfisráðs Kjalarness og foreldraráðs og foreldrafélags leikskólans Bakkabergs/Bergs um tillögu 1 úr skýrslunni *Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs á Kjalarnesi*. SFS2016010132

- Kl. 11:37 tekur Birgitta Bára Hassenstein sæti á fundinum.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata þakka þær fjölmörgu góðu ábendingar sem borist hafa frá foreldrum, starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og íbúum Kjalarness varðandi áform um stofnun nýs sameinaðs leik- og grunnskóla á Kjalarnesi með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi. Næstu skref eru að ráða nýjan stjórnanda og skipa starfshóp um farsæla innleiðingu þessa verkefnis með aðkomu skólastjóra, starfsmanna og foreldra á Bergi og Klébergsskóla. Hér er um að ræða mjög spennandi verkefni sem mikilvægt er að nýta til að styrkja og efla samfélagið á Kjalarnesi til framtíðar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla og frístundaráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins samþykkja sameiningu Klébergsskóla og starfsstöð leikskólans Bakkabergs á Bergi, hvorutveggja á Kjalarnesi, í þeim tilgangi að stofna samrekinn leikskóla og grunnskóla með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi, í trausti þess að framkvæmd sameiningar verði í góðu og gagnsæju samstarfi við stjórnendur, starfsmenn og foreldra leik- og grunnskólabarna á Kjalarnesi. Umsagnir hafa borist frá báðum skólaráðum og starfsfólki leik- og grunnskólans, foreldrafélögunum sem og Hverfisráði Kjalarness. Umsagnaraðilar ítreka mikilvægi þess að í stjórnendateymi sameinaðrar stofnunar veljist stjórnendur sem hafi faglega menntun og sýn á öll þau svið sem hin nýja sameinaða stofnun á að ná yfir og jafnræði þarf að vera með stjórnendum til að tryggja jafnar áherslur skólastiganna í breytingaferlinu.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2016:

Lagt er til að 1. gr. í samþykkt borgarráðs frá 4. mars 2010 um starfsemi og rekstur frístundaheimila verði breytt með þeim hætti að boðið verði upp á frístundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 17:00 í stað 17:15. Breytingin taki gildi frá og með 22. ágúst 2016.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lögð fram borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila Reykjavíkurborgar, sem staðfest var í borgarráði, dags. 4. mars 2010. SFS2016060036

Samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að sá mikli niðurskurður sem boðaður hefur verið á skóla- og frístundasviði er þegar farinn að bitna verulega á sjálfsagðri grunnþjónustu sem snýr að börnum í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum. Forgangsraða hefði átt í þágu skólabarna og tryggja þeim sem besta þjónustu í stað þess að fara í hvert gæluverkefnið á fætur á öðru.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga um breyttan opnunartíma frístundaheimila miðar að því að skapa samræmi við opnunartíma leikskólanna. Opnunartíminn er stytur um 15 mínútur og tekur gildi 22. ágúst næstkomandi. Samkvæmt athugun sviðsins mun breytingin ekki hafa áhrif á stærstan hluta barna og forráðamanna þeirra en um 95% barna nýta ekki þjónustu frístundar eftir kl. 17 í dag.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2016:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja til við borgarstjórn að grunnskólum í Reykjavík verði heimilað að selja staka máltíð í gegnum áskriftarkerfið á sérstökum hátíðis- og tyllidögum þegar máltíðin er hluti af dagskránni. Samþykkt verði gjald fyrir staka máltíð.

Greinargerð fylgir. SFS2016060037

- Kl. 11:52 vikur Hermann Valsson af fundinum og Líf Magneudóttir tekur þar sæti.
- Kl. 12:00 vikur Valgerður Janusdóttir af fundinum.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

- Kl. 12:25 vikur Kjartan Magnússon af fundinum og Örn Þórðarson tekur þar sæti.
- 4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2016:

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um aukinn og alvarlegan kvíða og einnig þunglyndi meðal barna og unglinga í grunnskólum. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina telur brýnt að skóla- og frístundaráð bregðist nú þegar við og leggur því til að skóla- og frístundaráð leiti nú þegar leiða t.d. með breyttri forgangsörðun verkefna innan núverandi fjárramma til að rýmka megi það svigrúm sem skólastjórnendur hafa til að efla starf námsráðgjafa, umsjónarkennara eða annarra traustra og sérfróðra aðila með þeim nemendum sem þess óska eða álitid er að þurfi sérstaka aðstoð eða athygli hvað varðar mikinn kvíða og lítið sjálfstraust.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2016, varðandi tillögu Framsóknar og flugvallarvina. SFS2016040164

- Kl. 12:50 vikur Guðmundur G. Guðbjörnsson af fundinum.

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögunni til umsagnar velferðarsviðs.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna því að samþykkt hefur verið að unnið verði áfram með tillögu Framsóknar og flugvallarvina um að efla starf námsráðgjafa í grunnskólum. Námsráðgjafarnir gegna mikilvægu hlutverki í skólanum og fylgjast m.a. með félagslegri og andlegri líðan nemenda og geta átt auðveldara en aðrir að vinna náið með einstaka nemendum til að ná tökum á kvíða og þunglyndi. Á sama tíma er afar brýnt að efla samskipti skóla og þjónustumiðstöðva til að einfalda boðleiðir svo tryggja megi eftir því sem hægt er að koma þeim nemendum sem fyrst til hjálpar sem þurfa meiri aðstoð en hægt er að veita þeim innan veggja skólans.

- 5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2016:

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fjárhagsleg hagræðing í mótuneytismálum í leikskólum og grunnskólum borgarinnar komi alls ekki niður á gæðum matarins. Í ljósi kvartana sem koma bæði frá starfsfólki skólanna sem og foreldrum um rýrt næringargildi fæðis í leikskólum og grunnskólum leggur fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina til að fenginn verði hlutlaus aðili á vegum heilbrigðismála til að gera úttekt á matseðlum allra leik- og grunnskóla í Grafarvogi fyrstu fjóra mánuði þessa árs, 2016, til að meta hvort manneldismarkmið leikskóla og grunnskóla hafi náðst þar 100%, hvort breytinga sé þörf til að bæta matinn og komi þá með tillögur þar að lútandi.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. júní 2016, varðandi tillögu Framsóknar og flugvallarvina um úttekt á matseðlum leik- og grunnskóla í Grafarvogi. SFS2016040165

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu Framsóknar og flugvallarvina um úttekt á matseðlum leik- og grunnskóla í Grafarvogi til meðferðar í stýrihópi um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata fagna því að nú hefur verið skipaður stýrihópur sem á að fara heildstætt yfir þá matarþjónustu sem veitt er á vettvangi Reykjavíkurborgar m.t.t. næringarinnihalds, manneldismarkmiða, lýðheilsu, gæða matar og hagkvæmni innkaupa og tækifæra til að gera betur. Tillaga Framsóknar og flugvallarvina er tilvalin til rýningar innan þess hóps og því hefur henni verið vísað þangað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna því að tillögu Framsóknar og flugvallarvina um úttekt á matseðlum leik- og grunnskóla í Grafarvogi verði send til meðferðar í stýrihópi um heildstæða matarstefnu Reykjavíkurborgar. Með tillögu sinni vilja Framsókn og flugvallarvinir leggja áherslu á mikilvægi þess að þrátt fyrir óhjákvæmilega fjárhagslega hagræðingu verði ekki gengið á næringargildi matar til nemenda í leik- og grunnskólum og í frístund.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. maí 2016:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að komið verði á fót eineltisráði sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geta leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi. Ráðið yrði skipað sérfræðingum og fulltrúum foreldra. Meginhlutverk ráðsins yrði að veita ráðgjöf og leitast við að komast að ásættanlegri niðurstöðu og finna úrlausn í erfiðum málum.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. maí 2016, um verkferla vegna eineltismála sem upp koma í grunnskólum í Reykjavík og bréf fagráðs eineltismála í grunnskólum, dags. 17. maí 2016, ásamt verklagsreglum um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum. SFS2016050053

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um eineltisráð sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geta leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi inn í vinnu óháðs aðila við úttekt á verkferlum starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna.

Svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðs samþykkt:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um eineltisráð sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geta leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi til óháðs aðila sem borgarráð hefur samþykkt að vinni úttekt á verkferlum starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Lögð er áhersla á að tillagan verði metin í samhengi við ábendingar um hvað megi betur fara í þessum verkferlum skólasamfélagsins.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð fagnar ákvörðun borgarráðs að samþykkja að fenginn verði óháður aðili til að gera úttekt á verkferlum starfsstöðva skóla- og frístundasviðs varðandi einelti og samskiptavanda barna. Ráðið telur mikilvægt að í þeirri vinnu verði rýnt í samhengi við ábendingar um hvað betur megi fara hvort ástæða sé til að setja á fót nýtt eineltisráð sem verði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geti leitað til þegar ekki hefur tekist að leysa mál á vettvangi. Ráðið beinir þeim tilmælum til úttektaraðila að skoða vandlega hvaða aðilar ættu ef til kæmi, að eiga aðild að slíku ráði með hliðsjón af þeim viðkvæmu persónuupplýsingum sem þar yrðu til meðferðar.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2016, um umsókn Waldorfskólans Sólstafa um leyfi til stækkunar grunnskólans. Jafnframt lagt fram bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 12. júní 2015, ósk um leyfi fyrir stækkun Waldorfskólans Sólstafa og fjölgun leyfa fyrir nemendur með lögheimili í Reykjavík úr 46 í 80 og bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 3. júní 2016, varðandi beiðni Waldorfskólans Sólstafa um fjölgun nemenda fyrir skólaárið 2016-2017. SFS2015060188

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir umsókn Waldorfskólans Sólstafa um heimild til að taka í notkun tvær nýjar kennslustofur fyrir grunnskólann að Sóltúni 6, Reykjavík, sem viðbót við starfsleyfi Waldorfskólans Sólstafa, grunnskólahluta. Samþykktin er með fyrirvara um endanlega úttekt og samþykki heilbrigðis-, vinnu- og eldvarnareftirlits og að húsnæði og lóð sé í samræmi við reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Starfsemin skal vera í samræmi við grunnskólalög. Fyrirvari er gerður um samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Samþykktin nær til þess að í grunnskólahluta Waldorfskólans Sólstafa geti verið 80 nemendur á grunnskólaaldri.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. maí 2016, um umsókn Waldorfskólans Sólstafa um að greitt verði framlag vegna fleiri reykvískra nemenda. Jafnframt lagt fram bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 22. apríl 2016, ósk um að viðmið um nemendafjölda, verði breytt úr 47 nemendum í 57 nemendur fyrir skólaárið 2016-2017 og bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 3. júní 2016, varðandi beiðni Waldorfskólans Sólstafa um fjölgun nemenda fyrir skólaárið 2016-2017. SFS2016040185

Frestað.

- Kl. 13:55 tekur Guðmundur G. Guðbjörnsson sæti á fundinum.
9. Lögð fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík, dags. 31. janúar 2016, um eflingu á hagnýtum lærdómi í menntastefnu. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. apríl 2016, um hugmyndina. SFS2016020078

Samþykkt.

10. Lögð fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík, dags. 29. febrúar 2016, um að bjóða væntanlegum 1. bekkingum í sumarfrístund. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. maí 2016, um hugmyndina. SFS2016030147

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð vísar tillögu af Betri Reykjavík um sumarfrístund fyrir væntanlega 1. bekkinga til stýrihóps um frístundajónustu og félagsstarf.

Samþykkt.

11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2016, varðandi asbest í húsnæði skóla og öryggi leikfanga í leikskólum. Jafnframt lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 13. maí 2016, varðandi leikföng sem ekki uppfylla öryggiskröfur, tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, dags. 19. febrúar 2016, varðandi leikföng í leikskólum og bæklingurinn *Kemikalier í barns vardag*. SFS2016010161
12. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 92. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi asbest í skólum og frístundaheimilum. SFS2016010161

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Eftir bókun félagsins á 92. fundi skóla- og frístundaráðs fékk formaður félagsins símtal frá Vilhjálmi Rafnssyni lækni og fyrrverandi prófessor í heilbrigðis- og faraldsfræði við Háskóla Íslands en hann starfaði einnig sem yfirlæknir hjá Vinnueftirliti ríkisins. Vilhjálmur fagnaði umræðunni um asbest í skólum og lagði ríka áherslu á að félagið gengi hart eftir því að málið yrði tekið föstum tókum af yfirvöldum vegna alvarleika þess. Í svari Heilbrigðiseftirlitsins við fyrirspurn félagsins segir m.a.: “Heilbrigðiseftirlitið hefur hvorki almennar upplýsingar um asbest í leikskólum borgarinnar eða hefur athugað það almennt.” Félagið hefur fengið staðfest með samtali við leikskólastjóra og starfsmenn á leikskóla í vesturbæ þar sem asbest er talið vera í innri klæðningum að viðkomandi hafi ekki nægilega þekkingu á umgengni við svo hættulegt efni til að fyrirbyggja mögulega mengun með ábyrgum og öruggum hætti þrátt fyrir vitneskju um efnið. Félagið telur enn fremur ekki eðlilegt að slík ábyrgð sé sett á herðar starfsmanna sér í lagi þar sem endurnýjun starfsmanna er tíð. Félagið hvetur Skóla- og frístundasvið eindregið til að kanna hvar asbest sé að finna, meti hættu á mögulegri mengun og möguleg úrræði á faglegan og öruggan hátt í samráði við viðeigandi sérfræðinga.

- Kl. 14:30 vikur Guðmundur G. Guðbjörnsson af fundinum.
13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 91. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi orkusparnaðarverkefni. Jafnframt lögð fram skýrsla starfshóps um orkusparnað á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs, dags. 16. janúar 2014, erindisbréf starfshóps um orkusparnað á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og tillögur starfshóps um hagræðingu vegna orkusparnaðar á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs, dags. 10. mars 2016. SFS2016010073
 14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. júní 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 95. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi reglur um mataráskrift. SFS2016030103
 15. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. maí 2016, um hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2015-2016. SFS2016010025
 16. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. maí 2016, um nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2016. SFS2016050244
 17. Lögð fram skýrsla Barnamenningarhátíðar í Reykjavík 2016, dags. 6. maí 2016. SFS2015110176
 18. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. maí 2016, um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS2015010035

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til við borgarráð að það bregðist við og endurskoði afstöðu sína varðandi að gefa 8. bekkjum á ný kost á vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur nú í sumar. Fyrir nokkrum árum var hætt að bjóða þessum aldurshópi sumarvinnu og mikilvægt nú þegar skólum er að ljúka að bregðast við svo ungmennum á þessum aldri gefist kostur á að stunda uppbyggilegt starf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur.

Frestað.

SFS2016060069

- Kl. 14:57 vikur Guðlaug Sturlaugsdóttir af fundinum.

20. Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskóla leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í borgaráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila Reykjavíkurborgar segir m.a. “Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístundaheimili myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. Íþrótt- og tómstundasvið og Menntasvið vinni sameiginlega að þessu markmiði í samvinnu við starfsmenn sviðanna.” Sameinað skóla- og frístundasvið átti að skila fjárhagslegum og faglegum ávinningi, aukinni samþættingu og aukinni samnýtingu húsnæðis og mannauðs skóla- og frístundar. Fulltrúi foreldra grunnskólabarna óskar eftir upplýsingum um hvernig til hefur tekist varðandi tilraunaverkefni sem tengist samrekstri skóla- og frístundar í borginni og hvort það hafi skilað sér í aukinni samþættingu og heildstæðari skóladegi t.d. í Ártúnsskóla, Dalsskóla o.s.frv. Einnig væri áhugavert að vita og þá hvaða frumkvæði eða skref stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundastarfs í Reykjavík hafa tekið í þessa átt og í hve mörgum skólum og frístundaheimilum er í dag unnið að samþættum vinnudegi sbr. ofangreinda borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila.

SFS2016060070

Fundi slitið kl. 15:08.

Skúli Helgason

Eva Einarsdóttir
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson